

Fornleifaskráning vegna lagningu ljósleiðara:

Frá Núpum í Berufirði að Ós í Breiðdal.



VG-Fornleifarannsóknir

-Skýrsla 2551-2020-

Indriði Skarphéðinsson
Vala Garðarsdóttir

Forsíðumynd er loftmynd sem sér yfir svæðið frá Núpum og inn fyrir Streitishvarfið.
(Ljósmynd Skarphéðinn G Þórisson)

Efnisyfirlit


Inngangur	3
Skráningarsvæði.....	3
Lög um menningarminjar	4
Fornleifaskráning	5
Núpur	5
Streiti.....	7
Ós	7
Niðurstöður	8
Heimildaskrá:	11
Fornleifaskrá	13

Inngangur

Vegna fyrirhugaðrar lagningu ljósleiðara frá Núpum í Berufirði að Ós í Breiðdal var VG Fornleifarannsóknnum falið að skrá fornleifar á því svæði sem ljósleiðarinn liggur um. Indriði Skarphéðinsson skráði minjar á vettvangi 26. nóvember síðastliðinn.

Skráningarsvæði

Svæðið sem skráningin nær yfir er rúmlega 10 km löng lína sem liggur að mestu við þjóðveginn. Upphaf fyrirhugaðrar ljósleiðaralagnar er stutt ofan við bæjarstæðið á Núpum í Berufirði, þaðan liggur leiðin neðan við þjóðveg fram hjá bænum Streiti og út á Streitishvarf. Norðan við Streitishvarfið færast línan fyrir ofan veg og liggur samhliða honum að Krossá, þar færast línan nokkuð lengra ofan við þjóðveginn en sameinast honum svo aftur um 1.5 km vestar og endar skráningin þar.



Mynd 1. Lega ljósleiðaralagnar

Gengið var eftir þeirri línu sem leggja á ljósleiðarann í og voru skráðar minjar í námundann við hann. Leiðin liggur í gegnum þrjár jarðir, það eru Núpur í Múlaþingi, Streiti í Fjarðabyggð og Ós í Fjarðabyggð.

Lög um menningarminjar

Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar eru fornleifar skilgreindar á þennan hátt:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Enn fremur segir 21. og 22. grein laganna að:

„Fornleifum, ..., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

„Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.“

Fornleifaskráning

Í heildina voru skráðar 22 fornleifar og eru sex þeirra taldar í hættu vegna ljósleiðaralagnar. Eins og fyrr segir er 15 m friðhelgað svæði umhverfis friðaðar fornleifar og þær minjar sem teljast hér í hættu eru þær sem lenda innan 15 metra frá ljósleiðaranum. Í töflu 1 má sjá lista yfir skráðar minjar og hvort þeim stafi hætta af framkvæmdunum eða ekki.

Núpur

Núpur var ysti bærinn í gamla Beruneshreppi og Djúpavogshrepp. Bærinn á landamerki við Streiti í austri og Kross í Vestri. Í Landnámu kemur nafnið Gnúpur fyrir þar sem landnám Skjöldólfs er rakið: „*Skölldólfur hét maðr, er nam Streiti allt fyrir utan Gnúp*“ (Íslensk Fornrit. I. Landnámabók). Ekki bregður nafninu fyrir í öðrum fornsögum og gæti verið átt við Núpstind eða Naphornið á hreppamörkunum í Landnámu (Ármann Höskuldsson 1976).

Ekki er alveg ljóst hvenær Núpur byggist fyrst en jörðinni bregður fyrir í The old Icelandic land register þar sem hún er kirkjueign og er metin 26hndr 160ál að dýrleika árið 1686 og á 15 hndr árið 1696 (Björn Lárusson 1967). Jörðin hefur því líklega verið komin í byggð í kringum upphaf 17. aldar. Í Jarðatali Johnsen er jörðin eign Heydalakirkju og metin á 15hndr og er Núpshjáleiga inn í því mati, metin á 3 hndr (J. Johnsen 1847).

Lengst af á 20. öldinni var tvíbýli eða þríbýli á Núpi ásamt því að búið var á Núpshjáleigu hún var í byggð fram að 1961 (Ármann Höskuldsson 1978).

Mikið skriðufall varð árið 1936 úr Núpsdal ofan við Núp og féll skriðan eftir lækjarfarveginum á milli Núpa og Núpshjáleigunnar. Skriðan olli stórspjöllum og fór hún yfir stóran hluta túns og hlóðst upp með bæjarhúsunum sem þá voru þrenn (Ármann Höskuldsson 1976).

Aðeins var skráð ein fornleif í landi Núpa og er það einföld grjóthleðsla sem liggur stutt frá heimreiðinni ofan við bæinn. Hleðslan lendir innan áhrifasvæðis ljósleiðaralagnarinnar en ósennilegt er að hún sé 100 ára eða eldri þar sem hún stendur á því svæði sem skriðuhlaupið árið 1936 hefur farið yfir.

Skráðar voru fornleifar vegna lagningu ljósleiðarans innan úr Berufirði að Núpi. Skráði Bjarni F. Einarsson það svæði 2019 (Bjarni F. Einarsson. 2019).

Nr.	Tegund	Hlutverk	Aldur	Friðlýst?	Ástand	Hættumat	Hættuorsök
001	Girðing	Túngarður	1936-1970	Nei	Greinanleg	Hætta	Ljósleiðari
002	Hóll	Útihús	1800-1919	Nei	Greinanleg	Hætta	Ljósleiðari
003	Tóft	Fjánhús	1800-1919	Nei	Greinanleg	Hætta	Ljósleiðari
004	Garðlag	Aðhald?	1800-1950	Nei	Greinanleg	Hætta	Ljósleiðari
005	Niðurgroftur	Óþekkt	1800-1950	Nei	Greinanleg	Engin hætta	-
006	Girðing	Óþekkt	1900-1980	Nei	Greinanleg	Hætta	Ljósleiðari
007	Hleðsla	Stekkur	1800-1950	Nei	Greinanleg	Engin hætta	-
008	Hellir	Óþekkt	1800-1950	Nei	Greinanleg	Engin hætta	-
009	Örnefni	Óþekkt	1627-1950	Nei	Greinanleg	Engin hætta	-
010	Örnefni	Óþekkt	1627-1950	Nei	Greinanleg	Engin hætta	-
011	Girðing	Aðhald?	1800-1950	Nei	Greinanleg	Engin hætta	-
012	Girðing	Óþekkt	1800-1950	Nei	Greinanleg	Engin hætta	-
013	Örnefni	Leið	1500-1950	Nei	Greinanleg	Hætta	Ljósleiðari
014	Þúst	Bæjarhóll	1500-1873	Nei	Greinanleg	Engin hætta	-
015	Tóft	Fjánhús	1873-1930	Nei	Greinanleg	Engin hætta	-
016	Tóft	Híbýli/Útihús	1500-1930	Nei	Greinanleg	Engin hætta	-
017	Tóft	Híbýli/Útihús	1500-1930	Nei	Greinanleg	Engin hætta	-
018	Tóft	Útihús	1500-1930	Nei	Greinanleg	Engin hætta	-
019	Garðlag	Óþekkt	1500-1930	Nei	Greinanleg	Engin hætta	-
020	Garðlag	Óþekkt	1500-1930	Nei	Greinanleg	Engin hætta	-
021	Tóft	Útihús	1500-1930	Nei	Greinanleg	Engin hætta	-
022	Garðlag	Óþekkt	1500-1930	Nei	Greinanleg	Engin hætta	-

Tafla 1. Listi yfir skráðar fornleifar.

Streiti

Streiti er syðsti bær í Fjarðabyggð og næsti bær við Núp, en hreppamörk við Djúpavogshrepp liggja á milli þessara jarða. Staðarins er getið í Landnámu og þar segir: „*Skjöldólfur hét maðr, er nam Streiti allt fyrir utan Gnúp ok inn öðrum megin til Óss ok til Skjöldólfsness hjá Fagradalsá í Breiðdali.*“ (Íslensk Fornrit. I. Landnámabók). Jörðin kemur líka fyrir í Þorsteins sögu Síðu-Hallssonar en þar er hún nefnd Stræti og telur Kristian Kálund að sú nafngift stafa frá því að þarna liggur alfaraleið á milli byggðanna í Breiðdal og Berufirði (Kristian Kálund 1986). Elstu heimildir um bæi Breiðdal eru frá Streiti en jarðarinnar er getið í máldaga frá 1179 (Ármann Höskuldsson 1976). Talið er að þessi máldagi hafi verið samin í yfirferð Þorláks biskups um austfirði þegar hann helgaði kirkjuna á Streiti Germanus biskup. Þegar Wilchins máldagi var samin árið 1397 var Streiti orðið að kirkjujörð Heydalakirkju (Íslenskt fornbréfasafn I, bls 250).

Í The old Icelandic land register er jörðin metin á 23 hndr 80 ál árið 1686 og 15 hundr árið 1969 og er enn kirkjueign (Björn Lárusson 1967). Í Jarðatali Johnsen frá 1835-1835 er jörðin skráð sem eign Heydalakirkju og metin á 12 hndr (J. Johnsen 1847). Nokkur afbýli hafa í gegnum tíðina verið á Streiti þau eru Vafrastaðir, Streitishvarf og Streitisstekkur. Vafrastaðir voru nokkuð fyrir innan Streiti og eru horfnir undir skriður, þeirra er getið bæði 1367 og 1760. Streitishvarf stóð austast á Streitishvarfinu og fóru í eyði 1850. Streitisstekkur var stutt utan og neðan við Streiti og var búið þar til 1873 en þá brann bærinn og fórust ábúendurnir Sigurður Torfason og Sigríður Stefánsdóttir í brunanum. Eftir að bærinn brann á Streitisstekk voru þar beitarhús fram til 1930 (Ármann Höskuldsson 1976)

Allar nema ein af þeim fornleifum sem skráðar voru eru í landi Streitis og eru þær af ýmsum toga. Fimm minjar í landi Streitis teljast í hættu og eru það fjárhústóft á svokölluðum Hól, aðhald þar við, girðingabrot í gömlu túni og örnefnið Kleifarétt.

Ós


Ós er næsta jörð við Streiti og stendur hún við ósa Breiðdalsár. Líkt og Núpur og Streiti bregður nafninu Ós við í landnámu, en þar segir: „*Skjöldólfur hét maðr, er nam Streiti allt fyrir utan Gnúp ok inn öðrum megin til Óss ok til Skjöldólfsness hjá Fagradalsá í Breiðdali.*“ (Íslensk Fornrit. I. Landnámabók). Það þar ekki að vera að hér eigi við bæinn Ós heldur er sennilega átt við sjálfa ósa Breiðdalsár (Ármann Höskuldsson 1976).

Í The old Icelandic land register er jörðin Kirkjueign og metin á 20 hndr árið 1686 og 12 hundr árið 1696 (Björn Lárusson 1967). Í Jarðtali Johnsen frá 1835-1845 er jörðin sögð eign Heydalakirkju og metin á 12 hndr að dýrleika (J. Johnsen 1847). Ós er heyskarparlítill jörð en hefur góðan útigang og þar er gott útræði (Finnur N. Karlsson. 2000). Jörðin var lengi eign Heydalakirkju en var komin í sjálfsábúð árið 1932 (Ármann Höskuldsson 1967)

Engar af þeim minjum sem skráðar voru eru innan landamerkja Óss enda nær ljósleiðaralögnin stutt inn á jörðina. Áður hefur verið fornleifar í landi Óss vegna lagningu háspennulínu af Bjarna F. Einarssyni og Rannveigu Þórhallsdóttur (Bjarni F. Einarsson & Rannveig Þórhallsdóttir 2018).

Niðurstöður

Minjar sem stafa hætta af lagningu ljósleiðara eru minjar nr. 001, 002, 003, 004, 006 og 013. Grjóthleðslan [001] í landi Núpa lendar öll innan við 15 m frá ljósleiðaranum og er því innan hættusvæðis. Nokkuð víst er að minjarnar séu yngri en 1936 og ná því ekki þeim 100 ára aldri sem tryggja fornleifum friðun.




Mynd 2. Lega fornleifanna á Hól miðað við áhrifasvæði ljósleiðara. Rautt: Ljósleiðari, Blátt: 15 metra áhrifasvæði ljósleiðara.

Fornleifar nr. 002, 003 og 004 lenda allar innan 15 metra frá ljósleiðaranum og fer hann í gegnum fornleifar nr. 004. Á mynd 2 má sjá hvernig fornleifarnar liggja miðað við legu ljósleiðarans. Þessar minjar eru fjárhústóft [003], hóll [002] og aðhald [003]. Tóftin sést teiknuð á túnakort frá 1919 og eru fjárhúsin á þessum stað nefnd í örnefnaskrá Streitis. Líkur eru á því að þessar minjar séu allar samtíma og að öllum líkindum komnar til á 19. öldinni eða fyrr. Hentugar mótvægisáðgerðir vegna þeirrar hættu sem stafar að þessum minjum væru að færa legu ljósleiðarans nær þjóðveginum eða upp fyrir hann.

Fornleifar nr. 006 lenda einnig innan 15 m frá ljósleiðaranum. Hér er sennilegast um að ræða girðingu frá 20. öldinni og nokkuð ólíklegt má teljast að þær nái 100 ára aldri. Minjagildi þessara fornleifa telst því ekki mjög hátt en ef þarf að ráðast í mótvægisáðgerðir myndi að öllum líkindum duga að færa ljósleiðarann nær þjóðveginum.

Minjar nr. 013 inna 15 m frá ljósleiðaranum. Hér er þó um að ræða örnefnið Kleifarrett sem er heimild um leið. Þetta er rauf í klett og liggur þjóðvegurinn þar í gegn.



Mynd 3. Skráðar minjar á Streitisstekk og lega fyrirhugaðs ljósleiðara. Rautt: Ljósleiðari, Blátt: 15 metra áhrifasvæði ljósleiðara.

Ekki eru fleiri minjar sem teljast í beinni hættu vegna lagningu ljósleiðarans. Standa þó allar fornleifar sem hér hafa verið skráðar í ákveðni nálægð við hann og ber að huga að því að fara með gát í kringum þær. Sérstaklega ber að nefna minjarnar á Streitisstekk en eins og sjá má á mynd 3 er þetta þétt þyrping minja sem liggja stuttan spöl frá fyrirhugaðri ljósleiðaralögn.

Fornleifaskráningin nær utan um þær minjar sem sjást á yfirborðinu eða þar sem staðsetning horfinna minja er þekkt. Minjar geta þó leynst undir yfirborðinu og er því ekki hægt að fullyrða að tekist hafi að skrá allar minjar á svæðinu. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós eða finnast við framkvæmdir ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunnar Íslands. Hafa skal í huga að svæði í kringum fornleifar á ekki að nota sem geymslu fyrir vinnuvélar eða annað sem tengist framkvæmdunum nema að Minjastofnun gefi fyrir því leyfi.

Heimildaskrá:

- Ármann Halldórsson. (1974). *Sveitir og jarðir í Múlaþingi*. III. bindi. Búnaðarsamband Austurlands. Prentsmiðjan Hólar. Seltjarnarnesi.
- Bjarni F. Einarsson & Rannveig Þórhallsdóttir. (2018). *Fornleifaskráning í Fjarðabyggð vegna fyrirhugðrar lagningar háspennulínu frá Stöðvarfirði til Breiðdalsvíkur*. Fornleifafræði stofan.
- Bjarni F. Einarsson. (2019). *Fornleifaskráning í Berufirði vegna fyrirhugaðs ljósleiðara*. Fornleifafræðistofan.
- Björn Lárusson. (1967). *The old Icelandic land registers*. Gleerup. Lund
- Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason & Páll Pálsson. (2000). *Múlasýslur, Sýslu- og Sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874*. Sögufélag. Örnefnastofnun Íslands. Reykjavík.
- Íslenskt fornbréfasafn I: 834-1264. Kaupmannahöfn, 1857-76
- Jón Helgason & Stefán Einarsson. (1948), *Breiðdæla*, Reykjavík
- Íslenzk Fornrit. I. Bindi Íslendingabók Landnámabók fyrri hluti. Prentstofa G Benediktssonar 1986. Hið Íslenzka Fornritafélag Reykjavík.
- Johnsen, J. *Jarðatal á Íslandi, með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn 1874.
- Lög um menningarminjar*. Nr. 80, 29. júní 2012.
- P.E Kristian Kálund (1986). *Íslenzkir Sögustaðir. IV. Austfirðingaffjórðungur*. Haraldur Matthíasson þýddi. Bókaútgáfan örn og örlygur hf.
- Örnefnaskrá: Streiti*. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum – Örnefnasafn.
- Örnefnaskrá: Núpur*. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum – Örnefnasafn.
- Örnefnaskrá: Ós*. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum – Örnefnasafn.
- Túnakort: Streiti*, (1919). Helgi Gíslason.
- Túnakort: Núpur*, (1919). Þorsteinn Stefánsson.
- Túnakort: Ós*, (1919). Helgi Gíslason.

Mynda og töfluskrá:

Mynd 1. Lega ljósleiðaralagnar	3
Mynd 2. Lega fornleifanna á Hól miðað við áhrifasvæði ljósleiðara. Rautt: Ljósleiðari, Blátt: 15 metra áhrifasvæði ljósleiðara.	8
Mynd 3. Skráðar minjar á Streitisstekk og lega fyrirhugaðs ljósleiðara. Rautt: Ljósleiðari, Blátt: 15 metra áhrifasvæði ljósleiðara.	9
 Tafla 1. Listi yfir skráðar fornleifar.	 6

Viðauki: Fornleifaskrá

Númer: 001	Sveitafélag: Múlaþing
Landareign: Núpur	Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson
Dagsetning: 26.11.20	GPS: E 476527.045 N 733556.763
Sérheiti:	Tegund: Girðing
Hlutverk: Túngarður?	Fjöldi: 1
Hættumat: Hætta	Hættuorsök: Ljósleiðari
Tímabundið hættumat: Engin hætta	
Tímabundin hættuorsök:	
Ástand: Greinanleg	Aldur: 1936-1970
Friðlýst: Nei	Lengd: 21 m
Breidd:	Vegghæð: 0,2-0,3 m
Breidd veggja: 0,5 m	

Umhverfi/staðhættir:

Minjarnar eru staðsettar um 100 metra ofan við fjósið á Núp, nokkra metra frá heimreiðinni niður að bænum.

Lýsing:

Grjóthleðsla, sennilega leyfar af girðingu. Meðalstórir steinar eru í hleðslunni og er aðeins sjáanleg einföld steinaröð á yfirborði. Árið 1936 féll skriða ofan við Núpsbæinn og fór hún eftir lækjarfarveginum sem rennur við bæinn. Skriðan fór yfir stóran hluta túns og hlóðst upp með bæjarhúsunum (SJM III). Nokkuð öruggt má teljast að skriðan sem þarna féll hefur farið yfir það svæði sem grjóthleðslan stendur á og kemur hún því til eftir 1936.

Heimildir:

Ármann Höskuldsson (1976). *Sveitir og Jarðir í Múlaþingi*. III. bindi. Búnaðarsamband Austurlands.

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 002	Sveitafélag: Fjarðabyggð
Landareign: Streiti	Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson
Dagsetning: 26.11.20	GPS: E 478123.938 N 736690.515
Sérheiti: Hóll	Tegund: Hóll
Hlutverk: Útihús	Fjöldi: 1
Hættumat: Hætta	Hættuorsök: Ljósleiðari
Tímabundið hættumat: Engin hætta	
Tímabundin hættuorsök:	
Ástand: Greinanleg	Aldur: 1800-1919

Friðlýst: Nei	Lengd: 31 m
Breidd: 17 m	Vegghæð:
Breidd veggja:	

Umhverfi/staðhættir:

Um 20 metra neðan við veg stutt inann við bæjarstæðið á Streiti. Í óræktuðu túni.

Lýsing:

Hóll sem stendur upp úr tiltölulega sléttu túni. Hóllinn er 31 m á lengdina og 17 m á breiddina. Ofan á hólnum stendur tóft [003]. Í Örnefnaskrá Streitis segir: „Í túninu var Lækjarfit innst neðan bæjar. Bæjarlækur rann gegnum hana rétt innan við hæð. Utar er svonefndur Hóll. Þar var gömul fjárhústóft. Það sem nú hefur verið talið, var neðan bæjar.“ (Ö-Streiti, GSM, 6). Á túnakorti frá 1919 eru merkt inn hús á þessum stað, hafa þau líklegast verið í notkun eitthvað lengur en 1919

Heimildir:

Örnefnaskrá Streitis, Guðrún S Magnúsdóttir, 6.

Túnakort Streiti, 1919. Helgi Gíslason.

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 003
Landareign: Streiti
Dagsetning: 26.11.20
Sérheiti: Hóll
Hlutverk: Fjárhús
Hættumat: Hætta
Tímabundið hættumat: Engin hætta
Tímabundin hættuorsök:
Ástand: Greinanleg
Sveitafélag: Fjarðabyggð
Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson
GPS: E 478123.816 N 736689.732
Tegund: Tóft
Fjöldi: 1
Hættuorsök: Ljósleiðari
Aldur: 1800-1919

Friðlýst: Nei
Breidd: 7 m
Breidd veggja: 1,2 m
Lengd: 8 m
Vegghæð: 0,3-0,5 m

Umhverfi/staðhættir:

Ofan á hól [002] um 20 metra neðan við veg stutt inann við bæjarstæðið á Streiti. Í óræktuðu túni.

Lýsing:

Tvöföld tóft með tveim ótengdum rýmum sem bæði hafa inngang sem snýr til austurs. Tóftin er grjóthlaðinn og sjá má allt að fjórfalda uppistandandi steinarröð á stöku stöðum. Í Örnefnaskrá Streitis segir: „Í túninu var Lækjarfit innst neðan bæjar. Bæjarlækur rann gegnum hana rétt innan við hæð. Utar er svonefndur Hóll. Þar var gömul fjárhústóft. Það sem nú hefur verið talið, var neðan bæjar.“ (Ö-Streiti, GSM, 6). Á túnakorti frá 1919 eru merkt inn hús á þessum stað, hafa þau líklegast verið í notkun eitthvað lengur en 1919

Heimildir:

Örnefnaskrá Streitis, Guðrún S Magnúsdóttir, 6.
Túnakort Streiti, 1919. Helgi Gíslason.

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 004
Landareign: Streiti
Dagsetning: 26.11.20
Sérheiti: Hóll
Hlutverk: Aðhald?
Hættumat: Hætta
Tímabundið hættumat: Engin hætta
Tímabundin hættuorsök:
Ástand: Greinanleg
Sveitafélag: Fjarðabyggð
Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson
GPS: E 478134.194 N 736693.477
Tegund: Garðlag
Fjöldi: 1
Hættuorsök: Ljósleiðari
Aldur: 1800-1950

Friðlýst: Nei
Breidd: 8,5 m
Breidd veggja: 0,8 m
Lengd: 12,5 m
Vegghæð: 0,2-0,3 m

Umhverfi/staðhættir:

Stendur upp við hól [002] um 20 metra neðan við veg stutt inann við bæjarstæðið á Streiti. Í óræktuðu túni rétt ofan við tóft [003].

Lýsing:

Lár garður sem myndar óregluglegan ferhyrning. Mögulega aðhald sem tengist fjárhústóft [003] sem stendur nokkra metra frá garðinum. Op virðist vera suðurhlið aðhaldsins. Minjarnar eru ekki teiknaðar á túnakort frá 1919 líkt og tóftin [003] sem minjarnar standa við en líkur eru á því að þær hafi svipaðan aldur og tóftin [003].

Heimildir:

Túnakort Streiti, 1919. Helgi Gíslason.

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 005	Sveitafélag: Fjarðabyggð
Landareign: Streiti	Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson
Dagsetning: 26.11.20	GPS: E 478118.860 N 736698.374
Sérheiti: Hóll	Tegund: Niðurgröftur
Hlutverk: Óþekkt	Fjöldi: 1
Hættumat: Engin hætta	Hættuorsök:
Tímabundið hættumat: Engin hætta	
Tímabundin hættuorsök:	
Ástand: Greinanleg	Aldur: 1800-1950

Friðlýst: Nei	Lengd: 2 m
Breidd: 1,5 m	Vegghæð: 0,3-0,4 m
Breidd veggja:	

Umhverfi/staðhættir:

Staðsett framan við hól [002] og fjárhúsatóft [003] 20 metra neðan við veg stutt inann við bæjarstæðið á Streiti í óræktuðu túni.

Lýsing:

Kassalaga niðurgröftur/dæld, hlutverk er óþekkt

Heimildir:

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 006
Landareign: Streiti
Dagsetning: 26.11.20
Sérheiti:
Hlutverk:
Hættumat: Hætta
Tímabundið hættumat: Engin hætta
Tímabundin hættuorsök:
Ástand: Greinanleg
Sveitafélag: Fjarðabyggð
Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson
GPS: E 478315.361 N 737004.847
Tegund: Girðing
Fjöldi: 1
Hættuorsök: Ljósleiðari
Aldur: 1900-1980

Friðlýst: Nei
Breidd:
Breidd veggja: 0,8
Lengd: 118 m
Vegghæð: 0,1-0,3 m

Umhverfi/staðhættir:

Staðsett í óræktuðu túni, neðan við þjóðveginn stutt utan við bæjarstæðið á Streiti.

Lýsing:

Lár garður sem liggur í um 118 m SSA-NNV nokkuð hornrétt út frá girðingu sem stendur við veginn. Sennilegast gamall girðingarbútur sem legið hefur þarna. Að öllum líkindum komin til eftir aldamótin 1900.

Heimildir:

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 007

Landareign: Streiti

Dagsetning: 26.11.20

Sérheiti: Lambastekkur

Hlutverk: Stekkur

Hættumat: Engin hætta

Tímabundið hættumat: Engin hætta

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Sveitafélag: Fjarðabyggð

Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson

GPS: E 478993.341 N 738142.379

Tegund: Hleðsla

Fjöldi: 1

Hættuorsök:

Aldur: 1800-1950

Friðlýst: Nei

Breidd: 5 m

Breidd veggja: 1,3 m

Umhverfi/staðhættir:

Minjarnar eru staðsettar í klettum um 60 m neðan við veg fyrir ofan svokallaðar Gjár sem eru berggangar sem ganga út í sjó.


Lýsing:

Grjóthlaðinn stekkur sem hlaðinn er upp við klett sem þjónar sem vesturveggur stekksins. Í heildina er stekkurinn 19 m á lengd og 5 m á breidd, hann skiptist þó upp í tvö misstór rými. Minna rýmið er um 2x3 m að stærð og eru veggir þess grónir. Stærri rýmið 4x9 m að stærð og eru veggir þess berir en ekki grónir. Inngangur virðist vera á milli rýmanna en hann er hruninn saman. Op er svo upp við klettinn við enda stærri rýmisins. Í örnefnaskrá Streitis segir: „... sem ná að svokölluðum Gjám. Þær eru djúpar og hægt að fara á bát þar inn. Upp af þeim er Lambastekkur. Þar voru kvíar og stekkur, sem ekki voru notuð.“ (Ö-Streiti, GSM, 3). Passar staðsetning minjanna nokkuð vel við örnefnalýsingu Lambastekks og er að öllum líkindum um hann að ræða.

Heimildir:

Örnefnaskrá Streitis, Guðrún S Magnúsdóttir, 6.

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 008	Sveitafélag: Fjarðabyggð
Landareign: Streiti	Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson
Dagsetning: 26.11.20	GPS: E 478945.709 N 738136.808
Sérheiti: Herdísarbúr?	Tegund: Hellir
Hlutverk: Óþekkt	Fjöldi: 1
Hættumat: Engin hætta	Hættuorsök:
Tímabundið hættumat: Engin hætta	
Tímabundin hættuorsök:	
Ástand: Greinanleg	Aldur: 1800-1950

Friðlýst: Nei	Lengd: 2 m
Breidd: 3,5 m	Vegghæð:
Breidd veggja:	

Umhverfi/staðhættir:

Minjarnar eru staðsettar í klettum um 100 m neðan við veg fyrir ofan svokallaðar Gjár um 40 m innan við Lambastekk [007]

Lýsing:

Hellisskúti með lítilli hleðslu framan við. Mesta lofthæð í hellinum er um 1.5 m og er hann dýpstur um 2 m. Grjóthleðsla er í hálfhring framan við skútann. Í örnefnalýsingu Streitis er Herdísarbúr talið meðal örnefna á Streitishvarfi, þar segir: „*Herdísarbúr er hellir. Er gömul sögn, að kerling hafi vúið þar. Bein eru þar í gólfinu (ekki þó mannabein) og eins og stallur (hlóðir) þar inni.*“ (Ö-Streiti, GS, 1). Ekki sá skráandi nein bein né stall inn í skútanum.

Heimildir:

Örnefnaskrá Streitis, Gísli Sigurðsson, 1.

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 009
Landareign: Streiti
Dagsetning: 26.11.20
Sérheiti: Timburklettur
Hlutverk: Þjóðsaga
Hættumat: Engin hætta
Tímabundið hættumat: Engin hætta
Tímabundin hættuorsök:
Ástand: Greinanleg
Sveitafélag: Fjarðabyggð
Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson
GPS: E 480180.529 N 738561.469
Tegund: Örnefni
Fjöldi: 1
Hættuorsök:
Aldur: 1627-1950

Friðlýst: Nei
Breidd:
Breidd veggja:
Lengd:
Vegghæð:

Umhverfi/staðhættir:

Klettur neðan við veg ofan við svokallaða Tyrkjaurð spölkorn frá sjónum.

Lýsing:

Í örnefnalýsingu Streitis segir um Timburklett: „Hvarfsbrekka heitir brekkan upp af Hvarfshöfn. Timburklettur heitir nokkuð hár klettur, heldur sunnar. Vegurinn liggur yfir hann. Við hann átti Streitibóndi að hafa komið að 18 tyrkjum sofandi. Rotaði hann þá með ístaði og dysjaði í urðinni fyrir neðan klettinn. Hún heitir Tyrkjaurð.“ (Ö-Streiti, GSM, 3). Í Breiðdælu er að finna sömu sögu nema þar veitist Streitibóndinn að tyrkjunum með sterkum lurk og gæti það skýrt nafnið á klettinum (Jón Helgason & Stefán Einarsson. 1948)

Heimildir:

Jón Helgason og Stefán Einarsson. (1948). *Breiðdæla*. Reykjavík
 Örnefnaskrá Streitis, Guðrún S Magnúsdóttir, 3.

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 010
Landareign: Streiti
Dagsetning: 26.11.20
Sérheiti: Tyrkjaurð
Hlutverk: Þjóðsaga
Hættumat: Engin hætta
Tímabundið hættumat: Engin hætta
Tímabundin hættuorsök:
Ástand: Greinanleg
Sveitafélag: Fjarðabyggð
Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson
GPS: E 480187.957 N 738579.327
Tegund: Örnefni
Fjöldi: 1
Hættuorsök:
Aldur: 1627-1950

Friðlýst: Nei
Breidd:
Breidd veggja:
Lengd:
Vegghæð:

Umhverfi/staðhættir:

Stórgrýtisurð beint neðan við Timburklett.

Lýsing:

Í örnefnalýsingu Streitis segir um Tyrkjaurð: „Hvarfsbrekka heitir brekkan upp af Hvarfshöfn. Timburklettur heitir nokkuð hár klettur, heldur sunnar. Vegurinn liggur yfir hann. Við hann átti Streitisbóndi að hafa komið að 18 tyrkjum sofandi. Rotaði hann þá með istaði og dysjaði í urðinni fyrir neðan klettinn. Hún heitir Tyrkjaurð.“ (Ö-Streiti, GSM, 3). Samkvæmt Breiðdælu réðst bóndin að tyrkjunum með sterkum lurk og velti svo grjóti ofan af Timburkletti og dysjaði tyrkina þannig (Jón Helgason & Stefán Einarsson. 1948)

Heimildir:

Jón Helgason og Stefán Einarsson. (1948). *Breiðdæla*. Reykjavík
 Örnefnaskrá Streitis, Guðrún S Magnúsdóttir, 3.

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 011

Landareign: Streiti

Dagsetning: 26.11.20

Sérheiti:

Hlutverk: Gerði/Aðhald

Hættumat: Engin hætta

Tímabundið hættumat: Engin hætta

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Sveitafélag: Fjarðabyggð

Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson

GPS: E 479861.471 N 738559.302

Tegund: Girðing

Fjöldi: 1

Hættuorsök:

Aldur: 1800-1950

Friðlýst: Nei

Breidd: 15 m

Breidd veggja: 0,5 m

Lengd: 18 m

Vegghæð: 0,2-0,5 m

Umhverfi/staðhættir:

Staðsett undir klettavegg í klettagjá stutt ofan við sjávarhamra.

Lýsing:

Aðhald með tveim misstórum rýmum. Stærri rýmið liggur upp við klettavegg sem þjónar sem NV veggur þess. Það er ferhyrningslaga, 12 m á lengd og 9 m á breidd. Minna rýmið er 7,5x8,5 m á stærð og ferhyrningslaga líkt og stærra rýmið og gengur úr frá NA horni stærra rýmisins.

Heimildir:

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 012

Landareign: Streiti

Dagsetning: 26.11.20

Sérheiti:

Hlutverk: Óþekkt

Hættumat: Engin hætta

Tímabundið hættumat: Engin hætta

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Sveitafélag: Fjarðabyggð

Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson

GPS: E 479845.437 N 738552.856

Tegund: Girðing

Fjöldi: 1

Hættuorsök:

Aldur: 1800-1950

Friðlýst: Nei

Breidd:

Breidd veggja: 1,5 m

Lengd: 17 m

Vegghæð: 0,2-1,6 m

Umhverfi/staðhættir:

Staðsett undir klettavegg stutt inn við minjar [011].

Lýsing:

Grjóthleðsla sem liggur A-V á milli tveggja kletta. Lækur rennur í gegnum hleðsluna austan megin og hefur brotið hana mikið niður. Talsverður hæðarmunur á garðinum austan og vestan megin en þar sem lækurinn hefur brotið hann niður er lægstur um 1,2 m en þar sem hann er hæstur er hann hátt í 1,6 m á hæð.

Heimildir:

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 013

Landareign: Streiti

Dagsetning: 26.11.20

Sérheiti: Kleifarrétt

Hlutverk: Leið

Hættumat: Hætta

Tímabundið hættumat: Engin hætta

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Sveitafélag: Fjarðabyggð

Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson

GPS: E 480854.334 N 737504.898

Tegund: Örnefni

Fjöldi: 1

Hættuorsök: Ljósleiðari

Aldur: 1500-1950

Friðlýst: Nei

Breidd:

Breidd veggja:

Lengd:

Vegghæð:

Umhverfi/staðhættir:

Skarð í klettum utan við Krossá innan við Streitishvarfið. Þjóðvegurinn liggur í gegnum skarðið.

Lýsing:

Í örnefnaskrá Streitis segir: „Kór er innanvert niður af Kleifarréttarklifi. Það er klettabelti, sem liggur upp og niður hliðina. Í það var rauf. Þar lá gatan, en raufin var svo mjó, að ekki var fært þar með heybandshesta. Þá þurfti að fara ofan við kleifina. Vegurinn er núna, þar sem gatan lá. Sprengt var fyrir honum. Guðmundur telur, að raufin hafi verið nefnd Kleifarrétt.“ (Ö-Streiti, GSM, 2). Í Breiðdælu er nafnið útskýrt á þann veg að hægt væri af fáum mönnum að króa af stóran fjárhóp á milli klettanna (Jón Helgason & Stefán Einarsson. 1948).

Heimildir:

Örnefnaskrá Streitis, Guðrún S Magnúsdóttir, 2.

Jón Helgason og Stefán Einarsson. (1948). *Breiðdæla*. Reykjavík

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 014

Landareign: Streiti

Dagsetning: 26.11.20

Sérheiti: Streitisstekkur

Hlutverk: Bæjarhóll

Hættumat: Engin hætta

Tímabundið hættumat: Engin hætta

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Friðlýst: Nei

Breidd: 13,5 m

Breidd veggja:

Umhverfi/staðhættir:

Minjarnar eru staðsettar undir lágum klettum stutt ofan við sjó, neðan við veg, stutt innan við Streitishvarfið.

Lýsing:

Bæjarhóll sem er um 15,5x13,5 m að stærð. Hér stóð bærinn Streitisstekkur sem brann 1873. Bjuggu þar hjónin Sigurður Torfason og Sigríður Stefánsdóttir er létust í brunanum við að reyna að bjarga kúnni úr fjósinu. Síðan voru beitarhús til um 1930 á staðnum (Ármann Höskuldsson. 1976). Á bæjarhólnum er greinileg fjárhústóft með garða í miðjunni og tvær aðrar minni tóftir sem eru heldur ógreinilegri. Í örnefnaskrá Streitis segir: „Upp af henni er Streitisstekkur. Það er sléttur blettur, þar sem alltaf var heyjað. Þar voru sauðahús, sem afi Sigurður notaði. Þarna mun hafa verið búið og sagt var, að þar hefði verið tvíbýli. Tættur sáust bæði niðri á bakka og ofar. Síðast munu hafa búið þar gömul hjón, sem brunnu inni.“ (Ö-Streiti, GSM, 3)

Heimildir:

Örnefnaskrá Streitis, Guðrún S Magnúsdóttir, 2.

Ármann Höskuldsson. (1976). *Sveitir og Jarðir í Múlapingi*. III bindi. Búnaðarsamband Austurlands.

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 015

Landareign: Streiti

Dagsetning: 26.11.20

Sérheiti: Streitisstekkur

Hlutverk: Fjánhús

Hættumat: Engin hætta

Tímabundið hættumat: Engin hætta

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Friðlýst: Nei

Breidd: 8 m

Breidd veggja: 2 m

Umhverfi/staðhættir:

Undir lágum klettum stutt ofan við sjó, neðan við veg, stutt innan við Streitishvarfið. Ofan á minjum [014].

Lýsing:

Grjóthlaðin fjárhústóft, 8x10 m að stærð. Um 4 metra langar garði er í henni miðri. Inngangur er á tóftinni á mótis við suður. Alveg upp við tóftina vestan megin eru tvær minni tóftir. Þar sem tóftin stendur stóð bærinn Streitisstekkur sem brann 1873. Þjuggu þar hjónin Sigurður Torfason og Sigríður Stefánsdóttir er létust í brunanum við að reyna að bjarga kúnni úr fjósinu. Síðan voru beitarhús til um 1930 á staðnum (Ármann Höskuldsson. 1976). Í örnefnaskrá Streitis segir: „Upp af henni er Streitisstekkur. Það er sléttur blettur, þar sem alltaf var heyjað. Þar voru sauðahús, sem afi Sigurður notaði. Þarna mun hafa verið búið og sagt var, að þar hefði verið tvíbýli. Tættur sáust bæði niðri á bakka og ofar. Síðast munu hafa búið þar gömul hjón, sem brunnu inni.“ (Ö-Streiti, GSM, 3).

Heimildir:

Örnefnaskrá Streitis, Guðrún S Magnúsdóttir, 2.

Ármann Höskuldsson. (1976). *Sveitir og Jarðir í Múlapingi*. III bindi. Búnaðarsamband Austurlands

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 016

Landareign: Streiti

Dagsetning: 26.11.20

Sérheiti: Streitisstekkur

Hlutverk: Híbýli/útihús

Hættumat: Engin hætta

Tímabundið hættumat: Engin hætta

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Friðlýst: Nei

Breidd: 5,5 m

Breidd veggja: 1,2 m

Umhverfi/staðhættir:

Undir lágum klettum stutt ofan við sjó, neðan við veg, stutt innan við Streitishvarfið. Ofan á minjum [014].

Lýsing:

Vel gróin tóft sem stendur upp við tóft [015], vestan megin. Eitt rými er í tóftinni og er inngangur á henni sem snýr til suðurs. Þar sem tóftin stendur stóð bærinn Streitisstekkur sem brann 1873. Þjuggu þar hjónin Sigurður Torfason og Sigríður Stefánsdóttir er létust í brunanum við að reyna að bjarga kúnni úr fjósinu. Síðan voru beitarhús til um 1930 á staðnum (Ármann Höskuldsson. 1976). Í örnefnaskrá Streitis segir: „Upp af henni er Streitisstekkur. Það er sléttur blettur, þar sem alltaf var heyjað. Þar voru sauðahús, sem afi Sigurður notaði. Þarna mun hafa verið búið og sagt var, að þar hefði verið tvíbýli. Tættur sáust bæði niðri á bakka og ofar. Síðast munu hafa búið þar gömul hjón, sem brunnu inni.“ (Ö-Streiti, GSM, 3). Ekki er ljóst hvort að tóftin tilheyrir því tímabili sem beitarhúsin voru í notkun eða tímabilinu þegar búið var í bænum.

Heimildir:

Örnefnaskrá Streitis, Guðrún S Magnúsdóttir, 2.

Ármann Höskuldsson. (1976). *Sveitir og Jarðir í Múlapingi*. III bindi. Búnaðarsamband Austurlands

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 017

Landareign: Streiti

Dagsetning: 26.11.20

Sérheiti: Streitisstekkur

Hlutverk: Híbýli/útihús

Hættumat: Engin hætta

Tímabundið hættumat: Engin hætta

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Friðlýst: Nei

Breidd: 3,5 m

Breidd veggja: 1,3 m

Umhverfi/staðhættir:

Undir lágum klettum stutt ofan við sjó, neðan við veg, stutt innan við Streitishvarfið. Ofan á minjum [014].

Lýsing:

Vel gróin tóft sem stendur vestan við tóft [015] og norðan við tóft [016]. Eitt lítið rými er í tóftinni og vísar inngangur hennar til norðurs. Þar sem tóftin stendur stóð bærinn Streitisstekkur sem brann 1873. Bjuggu þar hjónin Sigurður Torfason og Sigríður Stefánsdóttir er létust í brunanum við að reyna að bjarga kúnni úr fjósinu. Síðan voru beitarhús til um 1930 á staðnum (Ármann Höskuldsson. 1976). Í örnefnaskrá Streitis segir: „Upp af henni er Streitisstekkur. Það er sléttur blettur, þar sem alltaf var heyjað. Þar voru sauðahús, sem afti Sigurður notaði. Þarna mun hafa verið búið og sagt var, að þar hefði verið tvíbýli. Tættur sáust bæði niðri á bakka og ofar. Síðast munu hafa búið þar gömul hjón, sem brunnu inni.“ (Ö-Streiti, GSM, 3). Ekki er ljóst hvort að tóftin tilheyri því tímabili sem beitarhúsin voru í notkun eða tímabilinu þegar búið var í bænum.

Heimildir:

Örnefnaskrá Streitis, Guðrún S Magnúsdóttir, 2.

Ármann Höskuldsson. (1976). *Sveitir og Jarðir í Múlapingi*. III bindi. Búnaðarsamband Austurlands

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 018 **Sveitafélag:** Fjarðabyggð
Landareign: **Skrásetjari:** Indriði Skarphéðinsson
Dagsetning: 26.11.20 **GPS:** E 478422.321 N 737357.540
Sérheiti: Streitisstekkur **Tegund:** Tóft
Hlutverk: Útihús **Fjöldi:** 1
Hættumat: Engin hætta **Hættuorsök:**
Tímabundið hættumat: Engin hætta
Tímabundin hættuorsök:
Ástand: Greinanleg **Aldur:** 1500-1930
Friðlýst: Nei **Lengd:** 10,5 m
Breidd: 6,5 m **Vegghæð:** 0,2-0,8 m
Breidd veggja: 2 m
Umhverfi/staðhættir:

Undir lágum klettum stutt ofan við sjó, neðan við veg, stutt innan við Streitishvarfið. Um 12 metrum beint austan við minjar [014-017].

Lýsing:

Tóft með tveim rýmum. Rýmin eru ekki tengd en hafa hvor sinn ingang. Ingangur syðra rýmisins vísar á móts við suður og inngangur á nyrðra rýminu vísar á móts við austur. Innanmál syðra rýmisins er 4,3x2,2 m og innanmál nyrðra rýmis er 3,2x1,3 m. Girðingarhræ liggur í gegnum minjarnar. Stutt vesta við tóftina stóð bærinn Streitisstekkur sem brann 1873. Þjuggu þar hjónin Sigurður Torfason og Sigríður Stefánsdóttir er létust í brunanum við að reyna að bjarga kúnni úr fjósinu. Síðan voru beitarhús til um 1930 á staðnum (Ármann Höskuldsson. 1976). Í örnefnaskrá Streitis segir: „Upp af henni er Streitisstekkur. Það er sléttur blettur, þar sem alltaf var heyjað. Þar voru sauðahús, sem afi Sigurður notaði. Þarna mun hafa verið búíð og sagt var, að þar hefði verið tvíbýli. Tættur saúst bæði niðri á bakka og ofar. Síðast munu hafa búíð þar gömul hjón, sem brunnu inni.“ (Ö-Streiti, GSM, 3). Ekki er alveg ljóst hvort húsin hafi verið í notkun á því tímabili sem búíð var í bænum eða þegar beitarhúsin voru í notkun.

Heimildir:

Örnefnaskrá Streitis, Guðrún S Magnúsdóttir, 2.
 Ármann Höskuldsson. (1976). *Sveitir og Jarðir í Múlapingi*. III bindi. Búnaðarsamband Austurlands

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 019

Landareign: Streiti

Dagsetning: 26.11.20

Sérheiti: Streitisstekkur

Hlutverk: Óþekkt

Hættumat: Engin hætta

Tímabundið hættumat: Engin hætta

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Friðlýst: Nei

Breidd:

Breidd veggja: 1 m

Umhverfi/staðhættir:

Undir lágum klettum stutt ofan við sjó, neðan við veg, stutt innan við Streitishvarfið.

Garðlagið er staðsett upp við minjar [014-017]

Sveitafélag: Fjarðabyggð

Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson

GPS: E 478430.803 N 737342.048

Tegund: Garðlag

Fjöldi: 1

Hættuorsök:

Aldur: 1500-1930

Lengd: 27 m

Vegghæð: 0,2-0,8 m

Lýsing:

Garðlag sem liggur í hálfhring utan um tóftirnar sem standa á gamla bæjarstæði Streitisstekks. Hlutverk garðlagsins er ekki alveg ljóst en hefur það líklega þjónað sem einhversslags aðhald fyrir búpening. Bærinn á Streitisstekk brann 1873. Þjuggu þar hjónin Sigurður Torfason og Sigríður Stefánsdóttir er létust í brunanum við að reyna að bjarga kúnni úr fjósinu. Síðan voru beitarhús til um 1930 á staðnum (Ármann Höskuldsson. 1976). Í örnefnaskrá Streitis segir: „*Upp af henni er Streitisstekkur. Það er sléttur blettur, þar sem alltaf var heyjað. Þar voru sauðahús, sem afi Sigurður notaði. Þarna mun hafa verið búið og sagt var, að þar hefði verið tvíbýli. Tættur sáust bæði niðri á bakka og ofar. Síðast munu hafa búið þar gömul hjón, sem brunnu inni.*“ (Ö-Streiti, GSM, 3).

Heimildir:

Örnefnaskrá Streitis, Guðrún S Magnúsdóttir, 2.

Ármann Höskuldsson. (1976). *Sveitir og Jarðir í Múlapingi*. III bindi. Búnaðarsamband Austurlands

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 020

Landareign: Streiti

Dagsetning: 26.11.20

Sérheiti: Streitisstekkur

Hlutverk: Aðhald?

Hættumat: Engin hætta

Tímabundið hættumat: Engin hætta

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Friðlýst: Nei

Breidd: 6 m

Breidd veggja: 1 m

Umhverfi/staðhættir:

Í brekku undir lágum klettum stutt frá við sjó, neðan við veg, stutt innan við Streitishvarfið. Ofan við gamla bæjarstæðið á Streitisstekk.

Sveitafélag: Fjarðabyggð

Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson

GPS: E 478411.326 N 737326.191

Tegund: Garðlag

Fjöldi: 1

Hættuorsök:

Aldur: 1500-1930

Lengd: 16 m

Vegghæð: 0,2-0,5 m

Lýsing:

Garðlag sem mynda ferhyrning í brekku ofan við gömlu beitarhúsin og bæjarstæðið á Streitisstekk. Líklegast aðhald sem tengist gömlu beitarhúsunum. Bærinn á Streitisstekk brann 1873. Bjuggu þar hjónin Sigurður Torfason og Sigríður Stefánsdóttir er létust í brunanum við að reyna að bjarga kúnni úr fjósinu. Síðan voru beitarhús til um 1930 á staðnum (Ármann Höskuldsson. 1976). Í örnefnaskrá Streitis segir: „Upp af henni er Streitisstekkur. Það er sléttur blettur, þar sem alltaf var heyjað. Þar voru sauðahús, sem afi Sigurður notaði. Þarna mun hafa verið búið og sagt var, að þar hefði verið tvíbýli. Tættur sáust bæði niðri á bakka og ofar. Síðast munu hafa búið þar gömul hjón, sem brunnu inni.“ (Ö-Streiti, GSM, 3).

Heimildir:

Örnefnaskrá Streitis, Guðrún S Magnúsdóttir, 2.

Ármann Höskuldsson. (1976). *Sveitir og Jarðir í Múlapingi*. III bindi. Búnaðarsamband Austurlands

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 021

Landareign: Streiti

Dagsetning: 26.11.20

Sérheiti: Streitisstekkur

Hlutverk: Útihús

Hættumat: Engin hætta

Tímabundið hættumat: Engin hætta

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Friðlýst: Nei

Breidd: 5,5 m

Breidd veggja: 1,5 m

Umhverfi/staðhættir:

Staðsett í lágum klettum stutt norðvestan við bæjarstæðið á Streitisstekk. Neðan við veg rétt innan við Streitishvarfið stutt frá sjónum.

Sveitafélag: Fjarðabyggð

Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson

GPS: E 478433.392 N 737309.400

Tegund: Tóft

Fjöldi: 1

Hættuorsök:

Aldur: 1500-1930

Lengd: 7,6 m

Vegghæð: 0,4-1,0 m

Lýsing:


Grjóthlaðin tóft með einu rými og inngang sem snýr til suðausturs. Tóftin stendur stutt frá bæjarstæði Streitisstekks sem brann 1873. Þjuggu þar hjónin Sigurður Torfason og Sigríður Stefánsdóttir er létust í brunanum við að reyna að bjarga kúnni úr fjósinu. Síðan voru beitarhús til um 1930 á staðnum (Ármann Höskuldsson. 1976). Í örnefnaskrá Streitis segir: „Upp af henni er Streitisstekkur. Það er sléttur blettur, þar sem alltaf var heyjað. Þar voru sauðahús, sem afi Sigurður notaði. Þarna mun hafa verið búíð og sagt var, að þar hefði verið tvíbýli. Tættur sáust bæði niðri á bakka og ofar. Síðast munu hafa búíð þar gömul hjón, sem brunnu inni.“ (Ö-Streiti, GSM, 3).

Heimildir:

Örnefnaskrá Streitis, Guðrún S Magnúsdóttir, 2.

Ármann Höskuldsson. (1976). *Sveitir og Jarðir í Múlapingi*. III bindi. Búnaðarsamband Austurlands

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 022	Sveitafélag: Fjarðabyggð
Landareign: Streiti	Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson
Dagsetning: 26.11.20	GPS: E 478447.881 N 737338.575
Sérheiti: Streitisstekkur	Tegund: Garðlag
Hlutverk: Óþekkt	Fjöldi: 1
Hættumat: Engin hætta	Hættuorsök:
Tímabundið hættumat: Engin hætta	
Tímabundin hættuorsök:	
Ástand: Greinanleg	Aldur: 1500-1930
Friðlýst: Nei	Lengd: 19 m
Breidd:	Vegghæð: 0,2-0,5 m

Breidd veggja: 0,8 m

Umhverfi/staðhættir:

Garðlagið er staðsett undir lágum klettum stutt frá sjónum rétt innan við Streitishvarfi, um 20 metra norðan við gamla bæjarstæðið á Streitisstekk.

Lýsing:

Nokkuð lágreist garðlagsbrot sem er greinilegt á um 19 metra löngu svæði. Hlutverk þess er ekki alveg ljóst en það hefur að öllum líkindum einhverja tengingu við minjarnar [014-021] sem standa stutt sunnan við það. Bærinn á Streitisstekk brann 1873. Bjuggu þar hjónin Sigurður Torfason og Sigríður Stefánsdóttir er létust í brunanum við að reyna að bjarga kúnni úr fjósinu. Síðan voru beitarhús til um 1930 á staðnum (Ármann Höskuldsson. 1976). Í örnefnskrá Streitis segir: „Upp af henni er Streitisstekkur. Það er sléttur blettur, þar sem alltaf var heyjað. Þar voru sauðahús, sem afi Sigurður notaði. Þarna mun hafa verið búíð og sagt var, að þar hefði verið tvíbýli. Tættur sáust bæði niðri á bakka og ofar. Síðast munu hafa búíð þar gömul hjón, sem brunnu inni.“ (Ö-Streiti, GSM, 3).

Heimildir:

Örnefnaskrá Streitis, Guðrún S Magnúsdóttir, 2.

Ármann Höskuldsson. (1976). *Sveitir og Jarðir í Múlapingi*. III bindi. Búnaðarsamband Austurlands

Ljósmyndir/teikningar:

